



FRÉTTABRÉF

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

September 1994

Um biðlistann og fleira frá skrifstofunni

Tvö börn eru komin frá Indlandi á árinu, eitt barn kemur heim nú í september og upplýsingar um þrjú börn að auki eru komnar.


Búið er að senda umsóknir til Rússlands, Vietnam og Kolombíu. Von er á upplýsingum um barn frá Thailandi.

Biðlistinn stýttist óðum. Það eru ekki margir sem bíða án þess að vera að vinna í þáttum eða búið að senda umsóknir.

Minnt er á skýrslur sem senda á vegna indversku barnanna. Foreldrar þeirra hafa gefið loforð um að senda þær og það loforð ber að efna. Þeim sem sækja um annað barn er sérstaklega bent á að indversk yfirvöld munu þá aðgæta hvernig foreldrar hafa staðið sig varðandi skýrslur um fyrra barnið. Hinum er bent á að trassaskapur getur hugsanlega skaðað þetta samband okkar og skemmt fyrir öðrum. Það viljum við alls ekki, eða hvað?

Skrifstofan verður framvegis opin á miðvikudögum og föstudögum kl. 10-12 f.h. en fólki er bent á að panta sér tíma ef það getur ekki komið þegar opið er.

Sími 91-14280 - Fax 91-624910



Albúmið

Ragnheiður fædd 12. desember 1985 á Sri Lanka og Hallbera Rún fædd 16. júlí 1993 í Calkutta á Indlandi. Þær búa á Akranesi.

Fatasöfnun fyrir barnaheimilið

Félagið þarf að safna fötum, léttum klæðnaði fyrir börn á öllum aldri. Við þurfum hlý ullarteppi og önnur teppi, rúmföt í minnstu stærðinni, treyjur og etv. húfur á fyrirbura.

Einnig þarf pela og smávægis af leikföngum. Ef einhverjir eru aflögufærir væri gott ef þeir hugsuðu til félagsins. Kannski hefðu einhverjir saumaklúbbar áhuga á að þrjóna eða hekla teppi úr góðu ullarblönduðu garni.